



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 28. janúar 2010

Jöfnunarsjóður í meistaraflokkum

Ágætu félagar

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 21. janúar sl., fjárhagslegan stuðning við aðildarfélög sambandsins.

- KSÍ tekur yfir ferða- og upphaldskostnað dómara fyrir árið 2010 í öllum deildum beggja kynja og í leikjum VISA bikarsins. Þar með er ljóst að niður falla öll gjöld í jöfnunarsjóði sem gerð er krafa um í þátttökutilkynningum meistaraflokks á þessu ári sem og allar slíkar greiðslur til dómara af hálfu aðildarfélaga á vettvangi í þeim keppnum þar sem það fyrirkomulag hefur verið viðhaft.
- Framlag til þeirra 24 félaga sem undirgangast leyfiskerfi KSÍ í Pepsi-deild karla og 1. deild karla verður 500 þúsund krónur á hvert félag. Framlagið verður greitt í tveimur hlutum, 250 þúsund 1. febrúar svo fremi sem félag hafi staðið í skilum á leyfisgögnum 15. janúar, og 250 þúsund 1. mars svo fremi sem félag hafi gert skil á fjárhagslegum gögnum 20. febrúar.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Bestu kveðjur

Þórir Hákonarson
framkvæmdastjóri KSÍ